
Efnistaka í Seyðishólum, Grímsnes- og Grafningshreppi

Álit um matsáætlun

1 Inngangur

Þann 9. mars 2022 barst Skipulagsstofnun matsáætlun Suðurtaks ehf. vegna efnistöku í Seyðishólum í Grímsnes- og Grafningshreppi samkvæmt 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Grímsnes- og Grafningshrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Náttúrufræðistofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar um matsáætlun Suðurtaks ehf. Framkvæmdaraðili hafði áður leitað umsagnar Minjastofnunar Íslands og barst umsögn stofnunarinnar dags. 20. desember 2021 með matsáætlun.

2 Gögn lögð fram

Matsáætlun framkvæmdaraðila: Efnistaka í Seyðishólum, náma 30b í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi. Mat á umhverfisáhrifum – Matsáætlun. Suðurtak ehf. 9. mars 2022.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá Grímsnes og Grafningshreppi 24. mars 2022, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 6. apríl 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands 19. apríl 2022, Umhverfisstofnun 4. apríl 2022, Sumarhúsafélaginu Kerhrauni 17. mars 2022, Hrímgrund ehf. 24. mars 2022, Ker hótelum; Ísak V. Jóhannssyni og Ingu Sigurjónsdóttur 22. mars 2022, Samlagsstjórn 7. apríl 2022, Guðrúnu Njálisdóttur 16. apríl 2022, Þristinum, félagi landeigenda í landi Klausturhóla 19. apríl 2022 og Erni Þorvaldssyni 19. apríl 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 12., 19. og 25. apríl 2022.

3 Framkvæmd og umhverfisáhrif


Í matsáætlun Suðurtaks eru kynnt áform um áframhaldandi efnistöku í Seyðishólum í landi Klausturhóla og gerð grein fyrir hvernig fyrirtækið hyggst standa að mati á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

Áform Suðurtaks felast í áframhaldandi efnistöku í Seyðishólum, úr námu 30b þar sem fyrirhugað er að taka allt að 500.000 m³ af efni á næstu 15 árum eða um 33.000 m³ á ári að meðaltali. Námusvæðið er í dag 3,5 ha en gert er ráð fyrir að það stækki um 0,9 ha og verði þá 4,4 ha. Fyrirhugað er að um 20.000-25.000 m³ af efninu verði fluttir til Þorlákshafnar til útflutnings, annað efni verði notað í nágrenninu. Áætlað er að fjöldi flutningabíla frá svæðinu verði um 1.500 bílar á ári eða um 10 bílar á dag. Áform eru um að núverandi aðkomuvegur, sem liggur um Hólaskarð, verði lagður bundnu slitlagi frá námunni niður að Búrfellsvegi.

Um framkvæmdalýsingu vísast að öðru leyti til matsáætlunar Suðurtaks ehf.



Að neðan er gerð grein fyrir atriðum sem fjalla þarf um í umhverfismatskýrslu umfram það sem tilgreint er í tillögu framkvæmdaraðila eða leiðir beint af kröfum í 21. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og reglugerðar á grundvelli þeirra.



Mynd 1: Fyrirhuguð stækkun námusvæðis. Fjólublá lína táknar núverandi mörk námunnar en blá lína táknar fyrirhuguð mörk námunnar. (Mynd fengin úr matsáætlun)

Landslag og ásýnd

Í matsáætlun Suðurtaks kemur fram að svæðið umhverfis Seyðishóla sé meira og minna raskað af sumarhúsabyggð og námum. Úr austri sé efnistökusvæðið vart sýnilegt og verði lítil breyting sjáanleg á landslagi frá sumarhúsabyggðinni þar. Mestu sýnilegu breytingarnar frá núverandi útliti verði af Biskupstungnabraut sunnan Kerhóls og niður að Keri og að vestan frá sumarhúsabyggðinni þar. Fram kemur að til að meta sjónræn áhrif úr fjarlægð, frá mismunandi stöðum, verði gerðar líkanmyndir og skýringarmyndir af námusvæðinu og umhverfi þess eins og ætlun sé að það muni líta út að framkvæmd lokinni.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að lögð verði áhersla á að setja fram áætlun um efnistöku með það að leiðarljósi að sjónræn áhrif verði sem minnst.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að skoða þurfi áhrif á ásýnd svæðisins mjög vandlega og frá ólíkum sjónarhornum og taka þurfi tillit til sérstöðu Seyðishóla í landslagi svæðisins.

Samtök sumarhúsaeigenda á svæðinu telja að þessi aukna efnistaka muni valda mikilli sjónmengun og valda óafturkræfum áhrifum á ásýnd svæðisins.

Skipulagsstofnun leggur áherslu á mikilvægi þess að fjalla um hugsanleg áhrif af fyrirhugaðri efnistöku á ásýnd svæðisins. Skipulagsstofnun telur að birta þurfi sýnileikakort í umhverfismatskýrslu þar sem komi fram hvaðan megi sjá framkvæmdasvæðið. Jafnframt þarf að sýna ásýndarmyndir frá völdum stöðum þar sem sýnt er hvernig ásýnd jarðmyndunarinnar breytist við efnistöku. Nauðsynlegt er að velja sjónarhorn ásýndarmynda með hliðsjón af áningarstöðum og umferð ferðafólks, nálægum íbúðarhúsum og frístundahúsum sem og þekktum útivistarstöðum í nágrenni efnistökusvæðisins. Þá þarf að gera grein fyrir hvað lagt er til grundvallar mati á gildi svæðisins.



Frágangur og áfangaskipting

Í matsáætlun Suðurtaks kemur fram að í umhverfismatinu verði greint frá frágangi námunnar að efnistöku lokinni. Vitnað er í aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps en þar segir um þessa námu, E30b: „Við útgáfu framkvæmdaleyfis þarf að setja mjög ákveðin skilyrði um umfang, vinnslutíma og frágang námu, einkum m.t.t. til sjónrænna áhrifa“.

Umhverfisstofnun telur að úr því sem komið er sé nauðsynlegt að halda áfram efnistöku ef unnt eigi að vera að móta námuna á einhvern þann hátt að ásættanlegt verði. Ekki eigi að fara frekar í efnistöku næst Biskupstungnabraut og reyna ætti að milda sár sem þar er og ekki undir neinum kringumstæðum halda áfram þar sem sjónræn áhrif verða mest. Stofnunin telur að í umhverfismati verði að koma fram skýrar hugmyndir um það hvernig unnt verði að skilja við svæðið þannig að ekki verði til lýta um alla framtíð.

Skipulagsstofnun telur mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu sé gerð skýr grein frá því hvernig frágangi námunnar verði háttað og tekur undir með Umhverfisstofnun að ef komi til áframhaldandi efnistöku verði svæðið mótað á þann hátt að sjónræn áhrif verði sem minnst.

Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar

Í matsáætlun Suðurtaks kemur fram að jarðfræðilega megi segja að sérstaða gjallgígsins sé ekki mikil með tilliti til fjölda ámóta gjallgíga um land allt, en sakir útlits og staðsetningar hafi hann umtalsverð ásynðaráhrif fyrir svæðið. Fram kemur að sunnan við námusvæðið sé Kerhóll sem er á náttúruminjaskrá en að ekki séu sjáanleg né fyrirsjáanleg áhrif af þessari framkvæmd á verndarsvæðið umhverfis Kerhól og verði því ekki sérstaklega fjallað um það frekar í umhverfismati.

Umhverfisstofnun bendir á að Seyðishólar séu gjall- og klepragígar sem falli undir a. lið 2. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga og telur stofnunin mikilvægt að í umhverfismatsskýrslu verði fjallað um áhrif framkvæmdanna á svæði sem njóti sérstakrar verndar.

Náttúrufræðistofnun bendir á að verið sé að raska gjallgíg með mjög hátt verndargildi sem full ástæða væri til að vernda ef efnistaka væri ekki búin að raska honum mikið nú þegar. Seyðishólar tilheyra óvenjulegu og merkilegu eldstöðvakerfi og sérstaða hólanna felist ekki síst í stærð þeirra, efnissamsetningu gjallsins og landslagsáhrifum. Nálægð efnistökusvæðisins við Kerhól sem er óraskaður gígur og undir vernd ýtir undir mikilvægi þess að farið sé mjög varlega við stækkun efnistökusvæðisins. Forðast beri með öllu að eitthvað rask verði á Kerhól og næsta nágrenni hans.

Samtök sumarhúsaeigenda á svæðinu telja að réttast væri að Seyðishólarnir nytu sömu verndar og Kerhóllinn og hefta ætti frekara malarnám í hólunum.

Skipulagsstofnun tekur undir með Náttúrufræðistofnun Íslands og Umhverfisstofnun og leggur áherslu á að í umhverfismatsskýrslu verði metin áhrif framkvæmdarinnar á svæði sem njóta sérstakrar verndar.

Hljóð- og loftmengun

Í matsáætlun Suðurtaks kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að efnistakan muni hafa aukna loftmengun í för með sér, reynslan hafi sýnt að ekki sé hættu á rykmengun frá námusvæðinu og að flutningabílar séu með ábreiðslur við efnisflutninga. Einnig kemur fram að áform séu um að malarvegur frá svæðinu að Búrfellsvegi verði lagður bundnu slitlagi.

Samtök sumarhúsaeigenda á svæðinu lýsa áhyggjum sínum yfir fyrirhugaðri stækkun námunnar og að aukin efnisvinnsla muni hafa í för með sér aukna umferð um svæðið með tilheyrandi hávaða- og loftmengun. Fram kemur í umsögnum að í vöndum veðrum hafi gjallfok valdið skemmdum á m.a. húsum, gleri, gróðurhúsum og bílum og dæmi séu um að húspök hafi verið þakin rauðu gjalli eftir slík veður.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að reynslan sýni að engin hættu sé á rykmengun frá sjálfu námusvæðinu eftir 70 ár af efnistöku, lítið sé um fínt ryk í gjallinu. Engin eiginleg vinnsla á efni fari fram í námunni önnur en efnislosun með vinnuvélum, sigtun á hluta efnis og mokstur á flutningabíla. Fram kemur að búið sé að taka í notkun nýjar vélar sem bæði séu afkastameiri og hljóðlátari en þær sem notaðar voru áður. Jafnframt kemur fram í svörum framkvæmdaraðila að í umhverfismatskýrslu verði fjallað nánar um loftgæði og að svæðið verði skoðað með hliðsjón af aukinni hættu á gjallfoki úr námunni og könnuð merki um gjallfok og hugsanlegar uppsprettur þess á svæðinu.

Í umhverfismatskýrslu þarf að meta áhrif foks á frístundabyggðir og umferð við efnisflutninga. Greina þarf frá þeim ráðstöfunum sem eru fyrirhugaðar til að fyrirbyggja fok og greina frá mögulegum mótvægisáðgerðum sem draga eiga úr áhrifunum.

Mikilvægt er að þegar fjallað er um áhrif framkvæmdarinnar á umferð að fjallað sé um ónæði fyrir frístundabyggð á svæðinu sem hlýst af aukinni umferð flutningabíla um svæðið.

Valkostir

Í tillögu Suðurtaks eru settir fram 2 valkostir

- Valkostur 1: aðaltillagan sem felst í 500.000 m³ efnistöku á 15 árum, eða um 33.000 m³ á ári.
- Valkostur 2: halda áfram svipaðri efnistöku og verið hefur eða um 20.000 m³ á ári.
- Núllkostur: felst í því að hætta allri efnistöku nú þegar í þessari námu.

Í umhverfismatskýrslu þarf að vera skýrt hvað felst í valkosti 2, hversu mikið heildarmagn efnis er áætlað að taka og yfir hversu langan tíma og hvert umfang námusvæðis yrði. Í umhverfismatskýrslu þarf að meta áhrif beggja kosta á alla umhverfisþætti.

Þá telur Skipulagsstofnun þörf á að gerð verði grein fyrir mögulegum frágangi á svæðinu án þess að það komi til frekari efnistöku og að núllkostur geri ráð fyrir frágangi á námusvæðinu.

Jafnframt bendir Skipulagsstofnun á að umhverfismat getur leitt í ljós nýja valkosti sem dregið geta úr umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Vísar stofnunin þar sértaklega til áhrifa á landslag og ásýnd.

4 Niðurstaða

Í samræmi við 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða matsáætlun Suðurtaks ásamt umsögnum og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim.

Við vinnslu og framsetningu umhverfismatskýrslu þarf að:

1. **Landslag og ásýnd.** Skipulagsstofnun telur að birta þurfi sýnileikakort í umhverfismatskýrslu þar sem komi fram hvaðan megi sjá framkvæmdasvæðið. Jafnframt þarf að sýna ásýndarmyndir þar sem val á sjónarhornum er með hliðsjón af umferð ferðafólks og áningastaða, nálæg íbúðarhús og frístundahús sem og þekktum útivistarstöðum í nágrenni efnistökusvæðisins. Þá þarf að gera grein fyrir hvað lagt er til grundvallar mati á gildi svæðisins.
2. **Frágangur og áfangaskipting.** Gera í umhverfismatskýrslu grein fyrir því hvernig staðið verði að frágangi svæðisins að vinnslutíma loknum.
3. **Jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar.** Í umhverfismatskýrslu þarf að meta áhrif á jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd.



-
4. **Hljóð- og loftmengun.** Í umhverfismatskýrslu þarf að meta áhrif aukinnar efnistöku á loftgæði á svæðinu og ónæði fyrir frístundabyggð sem hlýst af aukinni umferðar flutningabíla.
 5. **Valkostir.** Í umhverfismatskýrslu þarf að skýra betur hvað felst í valkosti 2 og meta áhrif beggja kosta á alla umhverfisþætti. Gerð verði grein fyrir mögulegum frágangi á svæðinu án þess að það komi til frekari efnistöku og að núllkostur geri ráð fyrir frágangi á námusvæðinu.

Reykjavík, 27. maí 2022

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir